

Ferill fundarbókana er varða erindið:

Málsnúmer: 1604079
Málsheiti: Húsnæðisstefna
Málsaðili: Hafnarfjarðarkaupstaður
Skráð af: Elín S. Kristinsdóttir
Ábyrgðaraðili: Haraldur Líndal Haraldsson

Fundur: Fjölskylduráð - 314 (22.4.2016) - Húsnæðisstefna

Dags: 22.04.2016

Inngangur: Tillaga um að stofnaður verði starfshópur um húsnæðisstefnu.

Bæjarráð samþykkir að stofnaður verði starfshópur um húsnæðisstefnu og felur sviðsstjóra stjórnáslusviðs að vinna að erindisbréfi þar um. Erindisbréfið verði tekið fyrir í fjölskylduráði og skipulags- og byggingarráði.

Fulltrúar Samfylkingar og VG leggja áherslu á að ekki dragist að grípa til aðgerða vegna húsnæðisvanda sem við blasir og bitnar á fjölda fjölskyldna í bænum. Því er mikilvægt að tillaga sem liggur fyrir bæjarráði um viðræður við Alþýðusamband Íslands verði tekin til afgreiðslu hið fyrsta óháð starfshópi sem hér er lagt til að verði stofnaður og fjalli um húsnæðisstefnu almennt.

Fulltrúar Bjartrar framtíðar og Sjálfstæðisflokks bóka: Tilgangur tillögunnar er einmitt að draga saman ólík verkefni sem snerta húsnæðismál í bænum og skapa heildarmynd sem greiði fyrir ákvarðanatöku, alls ekki tefja.

Niðurst.: Fjölskylduráð tekur undir bókun skipulags- og byggingarráðs og leggur áherslu á félagslega þarfagreiningu, bæði hvað varðar húsnæðisframboð og fjárhagslegan stuðning. Tekið verði mið af fjölbreytilegum þörfum íbúa í sveitarfélaginu. Horft verði til fyrirliggjandi greiningar í drögum að húsnæðisáætlun frá 2014. Tekið verði tillit til samstarfs og samræmis við önnur sveitarfélög.

Fjölskylduráð leggur áherslu á að skipan í starfshópinum endurspegli tengingu við fjölskylduráð og skipulags- og byggingarráð.

Fundur: Skipulags- og byggingarráð - 596 (19.4.2016) - Húsnæðisstefna

Dags: 19.04.2016

Inngangur: Lögð fram samþykkt bæjarráðs frá 7. apríl sl. um stofnun starfshóps um húsnæðisstefnu.

Lögð fram drög að erindisbréfi starfsópsins.

Niðurst.: Skipulags- og byggingarráð leggur áherslu á að hugað sé að efnahagslegum, umhverfislegum og samfélaglegum þáttum við gerð stefnunnar og þá ekki hvað síst skipulagsmálum, enda getur góð staðsetning við almenningssamgöngur, þjónustu og aðrar grunnstoðir bæjarins skipt sköpun er kemur að hagkvæmni búsetu. Mikilvægt er að huga að gæðum, efniskennd og séreinkennum bæjarins við uppbyggingu - hvort heldur í þéttri byggð eða í úthverfum og að ekki verði slakað á gæðakröfum, enda byggjum við bæinn okkar með framtíðina í huga.

Jafnframt er lagt er til að þéttingarskýrsla sem unnin var fyrir skipulags- og byggingarráð árið 2015 verði notuð sem innblástur og grunnur. Einnig þarf að skoða vel samningsmarkmið og hvernig tryggja má blöndun í byggð.

Fundur: Fjölskylduráð - 313 (8.4.2016) - Húsnæðisstefna

Dags: 08.04.2016

Niðurst.: Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri Grænna óska bókað:

Um leið og fulltrúar Samfylkingar og Vinstri Grænna fagna því að ráðast eigi í gerð húsnæðisstefnu fyrir sveitarfélagið þá er mikilvægt að samþykkt verði sem fyrst tillaga Samfylkingar og Vinstri Grænna í bæjarráði um samstarf við ASÍ um uppbyggingu leiguíbúða. Alvarlegt ástand ríkir á húsnæðismarkaði í Hafnarfirði og því mikilvægt að bærinn leiti allra leiða til þess að mæta því ástandi. Því er brýnt að ekki dragist að hefja viðræður við ASÍ um samstarf um stofnun almenns leigufélags sem hefur það að markmiði að bjóða upp á ódýrar leiguíbúðir fyrir tekjulágar fjölskyldur og einstaklinga.

Fundur: Bæjarráð - 3430 (7.4.2016) - Húsnæðisstefna

Dags: 07.04.2016

Inngangur: Tillaga um að stofnaður verði starfshópur um húsnæðisstefnu.

Niðurst.: Bæjarráð samþykkir að stofnaður verði starfshópur um húsnæðisstefnu og felur sviðsstjóra stjórnslusviðs að vinna að erindisbréfi þar um. Erindisbréfið verði tekið fyrir í fjölskylduráði og skipulags- og byggingaráði.

Fulltrúar Samfylkingar og VG leggja áherslu á að ekki dragist að grípa til aðgerða vegna húsnæðisvanda sem við blasir og bitnar á fjölda fjölskyldna í bænum. Því er mikilvægt að tillaga sem liggur fyrir bæjarráði um viðræður við Alþýðusamband Íslands verði tekin til afgreiðslu hið fyrsta óháð starfshópi sem hér er lagt til að verði stofnaður og fjalli um húsnæðisstefnu almennt.

Fulltrúar Bjartrar framtíðar og Sjálfstæðisflokks bóka: Tilgangur tillögunnar er einmitt að draga saman ólík verkefni sem snerta húsnæðismál í bænum og skapa heildarmynd sem greiði fyrir ákvarðanatöku, alls ekki tefja.